

Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 145/1994 og nr. 144/1994 eftir því sem við á.

Fjármögnun.

9. gr.

Tekjur Fræðslunets Austurlands eru eftirfarandi: Framlög aðila FNA samkvæmt samningum við þá, framlög fyrirtækja og samtaka, opinber framlög og þjónustutekjur.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki 2/3 hluta stjórnar. Skulu breytingar hljóta staðfestingu dómsmálaráðherra.

FNA verður aðeins slitið með ákvörðun 2/3 hluta stjórnar.

Verði starfsemi Fræðslunets Austurlands hætt og það lagt niður skal eigum þess varið til eflingar háskóla- og símenntunar á Austurlandi. Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi fer með þá ráðagjörð.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Neskaupstað, Reykjavík, Hvanneyri, Höfn, Egilsstöðum 30. október 1998.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. febrúar 1999.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

4. mars 1999

Nr. 146

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag á lóð Setbergsskóla, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 9. febrúar 1999 breytingu á deiliskipulagi á lóð Setbergsskóla við Hlíðarberg, dags. 26. október 1998, breytt 5. febrúar 1999.

Í breytingunni felst að byggðar eru eins til tveggja hæða viðbyggingar við núverandi skólabyggingu á þremur stöðum. Jafnframt er reiknað með staðsetningu þriggja færanlegra kennslustofa og byggingu fyrir íþróttir á lóðinni.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi, samsvarandi svæði tveggja áður samþykktu deiliskipulaga: deiliskipulag miðhverfis Setbergs, samþ. 30. desember 1993 og deiliskipulag Stekkjarhrauns – útivistarsvæðis, samþ. 20. febrúar 1995.

Hafnarfirði, 4. mars 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.